



**AÐALFUNDUR 11. APRÍL 2013**

**SKÝRSLA STJÓRNAR**

---

---

1	INNGANGUR	2
2	INNRI STARFSEMI	3
2.1	Aðilar 2012	3
2.2	Tekjur félagsins	1
2.3	Stjórn	1
2.4	Starfsmenn og starfsstöð	2
2.5	Starfsemi	2
2.6	Starfshópar	2
2.7	Stefnumótun	3
3	YTRI STARFSEMI	4
3.1	Kynningarmál	4
3.2	Vefsíða Vistbyggðarráðs	4
3.3	Opnir fundir, aðilafundur og opin vinnustofa	4
3.4	Ráðstefna Vistbyggðarráðs - Efnið skapar andann, 24. maí	6
3.5	Önnur verkefni	6
3.6	Námskeið	7
5	INNLENT OG ERLENT SAMSTARF	8
5.1	Norrænu vistbyggðarráðin	8
5.2	Ráðstefnan í Helsinki dagana 31. janúar til 1. febrúar 2013	8
5.3	Nordic Built	9
5.4	Skipulagsfræðingafélag Íslands	9
6	Styrkir	10
6.1	Umhverfisráðuneytið	10
6.2	Umsóknir í Nordic Built	10
		11
7	AÐ LOKUM	11

## 1 INNGANGUR

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum og skipulagi.

Tilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Samtökin skulu hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Markmið samtakanna byggjast í grófum dráttum á eftirfarandi atriðum:

- Að skilgreina íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunaaðilum að þróa í auknum mæli vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.
- Að styðja við faglega umræðu og rannsóknir á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar.
- Að stuðla að fræðslu almennings og hagsmunaaðila á Íslandi um vistvænt skipulag og mannvirki.
- Að stuðla að samvinnu við erlendar systurstofnanir með það að markmiði að miðla af okkar reynslu og nýta þekkingu frá öðrum löndum.

Þriðja starfsár Vistbyggðarráðs hefur verið með svipuðu sniði og árin á undan, en helstu viðburðir starfsársins eru þessir : samnorræn ráðstefna, opnir fundir og ráðstefna VBR í maí. Þetta árið tók VBR jafnframt þátt í veitingu skipulagsverðlauna 2012 í samstarfi við Skipulagsfræðingafélag Íslands og stóð fyrir námskeið í apríl um vottunarkerfi DGNB í samstarfi við German Sustainable Building Council. Tveir starfshópar hafa verið að störfum allt árið en skila þeir báðir af sér í byrjun árs 2013 og er nánar fjallað um starfsemi þeirra síðar í skýrslunni.

Einnig var talsvert unnið í stefnumótun á árinu og unnin framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar sem nýst hefur við gerð starfsáætlunar fyrir árið 2013 og undirbúnings einstakra verkefna.

## 2 INNRI STARFSEMI

### 2.1 Aðilar 2012

Eftirfarandi fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög voru skráðir aðilar að Vistbyggðarráði starfsárið 2012-2013. Alls sóttu 4 aðilar um félagsaðild á starfsárinu (sjá undirstrikun). Í lok janúar 2013 voru aðilar 32 talsins. Þrír aðilar dattu út af aðilalista á starfsárinu en það eru EFF Eignarhaldsfélagið fasteign, Ístak og Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. Með tilkomu nýrra félaga breyttist samsetning aðila nokkuð og er flóran nú enn fjölbreyttari sem er mjög jákvætt.

Almenna verkfræðistofan hf.

Arkitektúr.is

Arkís ehf

ASK arkitektar

Basalt Arkitektar

BYKO

Búseti

EFLA

Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka

Fasteignir Ríkissjóðs

Félagsbústaðir

Framkvæmdasýsla Ríkisins

Hornsteinar arkitektar

Háskólinn í Reykjavík

Húsasmiðjan

Iðan fræðslusetur

Landsvirkjun

Mannvit

Mannvirkjastofnun

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Orkuveita Reykjavíkur

Reitir Fasteignafélag

Reykjavíkurborg

Ríkiskaup

Sesseljuhús umhverfissetur

Skipulagsstofnun

Teiknistofan Tark ehf.


THG arkitektar

Urriðaholt hf.

Verkís

VSB verkfræðistofa

VSÓ Ráðgjöf



## 2.2 Tekjur félagsins

Aðildarfélagar borga árlegt félagsgjald og rekstur félagsins er sem stendur aðeins fjármagnaður með félagsgjöldum eða styrkjum sem þá ganga beint til skilgreindra verkefna. Hver aðili getur valið um að greiða 110, 315 eða 525 þús. kr.<sup>1</sup> Möguleikar félagsins á auknum tekjum eru annars vegar í gegnum fjölgun félaga, hins vegar með öflun styrkja til afmarkaðra verkefna. Í þeim löndum þar sem Green Building Councils eru jafnframt rekstraraðilar umhverfisvottunarkerfa, koma inn tekjur af bæði vottunum og fræðslu því tengdu. Ekki hefur enn verið ákveðið hvort Vistbyggðarráð taki að sér slíkan rekstur enn sem komið er en komið hefur til tals að halda almenn námskeið, sem e.t..v gæfu einhverjar sértekjur.

## 2.3 Stjórn

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna sem ávallt eru boðaðir á fundi og eru virkir í stjórn. Stjórnin fundar að jafnaði 2 .mánudag í hverjum mánuði, en að auki hafa verið haldnir vinnufundir í tengslum við stefnumótun. Fundagerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs.

Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Á aðalfundi þann 29. mars 2012 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:



<sup>1</sup> Miðað við aðildargjöld 2013, en 10% hækkun var samþykkt á aðalfundi 2012.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (annað starfsár)

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (kosinn til 2 ára)

Elín Vignisdóttir (kosin til 2 ára)

Páll Gunnlaugsson (kosinn til 2 ára)

Helga Jóhanna Bjarnadóttir (kosin til 1 árs)<sup>2</sup>

#### **Varastjórn:**

Lena Kadmark (2.starfsár)

Björn Guðbrandsson (kosinn til 2 ára)

Á stjórnarfundinum 8. október 2012 óskaði formaður, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir eftir lausn frá störfum sem stjórnarformaður en vildi þó starfa áfram í stjórn. Stjórn var sammála um að Helga Jóhanna Bjarnadóttir tæki við hlutverki stjórnarformanns fram að aðalfundi 2013.

## **2.4 Starfsmenn og starfsstöð**

Á árinu voru ekki gerðar breytingar á starfsmannahaldi, og sinnir framkvæmdastjóri almennum rekstri í 50% stöðugildi. VBR naut aðstoðar starfsmanna í þrjú mánuði. Anna Carena Mosler þýskur nemi í arkitektúr með lýsingahönnun sem sérgrein, starfaði fyrir Vistbyggðarráð frá 15. sept til 15. des. Hún sinnti starfinu að hluta til í fjarvinnslu, og var aðeins einn mánuð á Íslandi eða frá 15.nóv til 15.des. Hún fékk aðstöðu hjá EFLU þann tíma og sinnti að hluta til verkefnum í lýsingahönnun fyrir EFLU. Þá hefur VBR keypt sérfræðipjónustu í tengslum við vinnu starfshópa, en einnig við yfirlestur og hönnun.

Fast heimilisfang Vistbyggðarráðs er hjá EFLU verkfræðistofu að Höfðabakka 9 og en þar hefur starfstöð VBR verið síðan í febrúar 2010

## **2.5 Starfsemi**

Eitt helsta hlutverk Vistbyggðarráðs er að miðla almennri þekkingu um vistvænar aðferðir og áherslur til almennings, en það er gert m.a. með því að halda úti vefsíðu standa fyrir opnum málefnafundum og ráðstefnum. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að vera í samstarfi við ýmsa aðila bæði um einstök verkefni og viðburði sem tengjast grunnmarkmiðum félagsins. Framkvæmdastóri sinni almennri og daglegri starfsemi auk þess að sinna erlendum samskiptum. Á árinu hafa einnig verið starfandi tveir starfshópar sem sinnt hafa faglegu starfi á grundvelli styrkja frá Umhverfisráðuneyti. Haustið 2012 var einnig sett á stofn ráðgjafaráð og var óskað eftir tilnefningum félaga í ráðið.

## **2.6 Starfshópar**

Á árinu 2012 hafa tveir starfshópar verið að störfum. Þetta eru annars vegar **starfshópur um vottunarkerfi fyrir byggingar** og hins vegar starfshópur um vistvænt skipulag. Báðir þessir starfshópar vinna á grunni erindisbréfs sem lögð voru fyrir stjórn. Hægt er að kynna sér starfsemi hópanna á vefsíðunni. Starfshópur um

---

<sup>2</sup> Þar sem einn stjórnarmaður sem hafði hlotið kosningu til 2 ára hvarf til annarra starfa um mitt ár 2011 þurfti að kjósa fulltrúa í hans stað. En til þess að halda þeim ramma sem ákveðið hafði verið varðandi stjórnarkjör var þessi fulltrúi aðeins kosinn til eins árs og heyrir það til undantekningar.

vottunarkerfi fyrir byggingar, lauk störfum um miðjan mars en skýrsla starfshópsins verður aðgengileg á heimsíðu og mun skýrslan án efa gagnast í því verkefni að miðla þekkingu á vistvottunarkerfum fyrir byggingar, kostum þeirra og takmörkunum.

**Starfshópur um vistvænt skipulag** þurfti, rétt eins og vinnuhópur um vottunarkerfi, að endurskoða hlutverk sitt frá upphaflegri áætlun. Tekin var ákvörðun um að gefa út skýringarrit/bæklingur um vistvænt skipulag í tengslum við ráðstefnu Vistbyggðarráðs þann 16. maí. Nánar verður hægt að lesa um starfsemi hópsins á vefsíðu VBR.

**Ráðgjafaráð** sem jafnframt var skipað á grunni erindisbréfs hefur ekki verið kallað saman þegar þetta er skrifað, en enn á eftir að fá fleiri tilnefningar. Hugmyndin er að hvert aðildarfélag skipi einn fulltrúa í ráðgjafaráðið. Framkvæmdastjóri og stjórn geta leitað til ráðsins annað hvort í heild sinni eða til einstakra aðila innan þess.

## 2.7 Stefnumótun

Í ársskýrslu fyrir starfsárið 2011-2012 er sagt frá stefnumótunarfundi í janúar 2012. Síðari stefnumótunarfundur/ vinnufundur stjórnar var haldinn í Bungalowinu í Hafnarfirði þann 4. október. Farið var yfir ýmis þau atriði og ábendingar sem fram hafa komið í stefnumótunarvinnunni á síðastliðnu ári m.a. ábendingar og umræður frá aðilafundum, vinnufundum stjórnar og hópstjóra og í viðtölum við aðila. Verkefni voru skilgreind og sett upp í annars vegar skammtíma verkefni og hins vegar verkefni sem taka lengri tíma. Þá var verkefnum forgangsraðað og sett fram markmið um vöxt.

Niðurstaða fundarins var að meginmarkmið Vistbyggðarráðs væri að vera öflug samtök sem eigi í góðu og virku samstarfi við stjórnvöld s.s. vegna rekstur vottunarkerfis og gerð opinberra viðmiða fyrir vistvæna byggð. VBR eigi að vera miðstöð þekkingar um vistvæna byggð, bæði hvað varðar almenna vitund og sérfræðiþekkingu. Stefnt er að því að Vistbyggðarráð verði það fyrsta sem fólki detti í hug þegar talað er um vistvæna hönnun á íslenskum byggingamarkaði. Þessar áherslur komi saman í kenniorðum: **Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur um vistvæna þróun manngerðs umhverfis á Íslandi.**

Stefnumótunarskýrslu Vistbyggðarráðs 2013-2015 má nálgast á vefsíður Vistbyggðarráðs undir, *starfsemi*.

## 3 YTRI STARFSEMI

### 3.1 Kynningarmál

Vistbyggðarráð hefur hingað til að mestu kynnt sig og starfsemi sína í gegnum heimasíðu sína og með auglýsingum sendum á póstlista félagsins. Með formlegum samstarfsamningum hefur VBR að auki náð útbreiðslu á póstlistum annarra félagsamtaka, en einnig hefur verið reynt að efla beina og óbeina kynningu í tengslum við ýmsa viðburð s.s. ráðstefnu Landsamtaka hjólreiðamanna, Nordic Built og Prime Property Award svo eitthvað sé nefnd. Þá hafa verið birtar greina í dagblöðum, en nauðsynlegt er að efla enn frekar kynningu og greinskrif í dagblöð og fagtímarit. Einnig hefur verið opnuð facebook síða sem er notuð til að setja fram ýmsar upplýsingar með óformlegri hætti.

Á árinu 2012 var lögð áhersla á að efla útgáfu sem var eitt af þeim verkefnum sem sett voru fram í stefnumótunarskýrslu 2013-2015.



**Bæklingur.** Gefinn var út almennur kynningarbæklingur í tilefni aðilafundar þann 29. nóvember. Bæklingnum er ætlað að kynna almenna starfsemi VBR. Hönnuður bæklinga er Símir Einarsson en höfundur texta er Lena Kadmark.

**Póstkort. Hvað er sjálfbær bygging?** Gefið út á aðalfundi 11. apríl. Póstkortið er ætlað til dreifingar víða og á því koma fram nokkur grunnskilyrði fyrir því að bygging geti kallast sjálfbær. Hönnuður póstkorts er Valgerður G.Halldórsdóttir, Fabrikunni en textavinna for fram í samvinnu stjórnar og framkvæmdastýru og byggir á almennum viðmiðum vistvottunarkerfa.

### 3.2 Vefsíða Vistbyggðarráðs

Heimasíða Vistbyggðarráðs, [www.vbr.is](http://www.vbr.is), var formlega opnuð þann 21. október 2010. Framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs sér um uppfærslu heimasíðunnar. Heimasíðan er í sífelldri þróun og þar er að finna nýjustu fréttir um þá viðburði sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma, auk annars áhugaverðs efnis. Stefnt að því að bæta við upplýsingaefni, bæði almennu fræðsluefni sem og upplýsingum um það sem verið er að vinna á vegum Vistbyggðarráðs.

### 3.3 Opnir fundir, aðilafundur og opin vinnustofa

Haldnir hafa verið tveir opnir fundir á vegum Vistbyggðarráðs á starfsárinu. Fundirnir hafa yfirleitt verið vel sóttir og fróðlegar og skemmtilegar umræður skapast um málefni. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir opna fundi á starfsárinu.

Vistbyggðarráð stóð fyrir opnum fundi þann 29. nóvember 2012 þar sem fjallað var annars vegar um **græna leigu** og hins vegar um **norræna samkeppni um vistvæna endurhönnun, eða verkefnið Nordic Built.**



Guðmundur Tryggi Sigurðsson forstöðumaður eignaumsýslu hjá Reitum fasteignafélagi fór yfir hugtakið græna leigu og hvernig það hefur verið notað t.d. nágrannalöndunum og hvernig Reitir hafa bætt umhverfisáherslum inn í leigusamninga sína og almenna starfsemi. Því næst fór Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra VBR yfir tildrög og almennar áherslur Nordic Built verkefnisins, en um er að ræða verkefni sem sett var í gang að frumkvæði norrænu ráðherra nefndarinnar og norræni nýsköpunarsjóðurinn hefur umsjón með. Markmiðið er að greiða fyrir sjálfbærri þróun í mannvirkjageiranum á öllum Norðurlöndunum, þar sem unnið er m.a. að sérstökum hönnunarlausnum þvert á landamæri. Freyr Frostason, arkitekt hjá THG, kynni sérstaklega hönnunarhluta verkefnisins. Hægt er að kynna sér verkefnið nánar á vefsíðu þess, [www.nordicbuilt.org](http://www.nordicbuilt.org). Þá má skoða kynningar fá fundinum á vefsíðu VBR.

Strax á eftir opna fundinn þann 29. nóvember var haldinn **aðilafundur** þar sem farið var yfir stefnumótun og verkefni næstu mánaða. Framkvæmdastýra kynnti drög að stefnumótunarskýrslu og formaður leiddi umræðu um næstu skref í starfseminni en umræðan fór fram í þremur vinnuhópum. Niðurstaða þeirra og athugasemdir voru tekin til greina í lokavinnslu skýrslunnar sem nú hefur verið birt á heimasíðunni.

Þann 18. janúar 2013 var haldinn opinn vinnufundur um **Vistvænar byggingar og áhrif þeirra á hönnun, framkvæmd og heilsufar**, en um var að ræða verkefni á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar, í tengslum við verkefnið Enterprise Europe Network á Íslandi, og var Vistbyggðarráð til aðstoðar við undirbúning og kynningu. Erindi fluttu: Björn Marteinsson verkefnisstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, Guðríður Guðmundsdóttir gæða- og öryggisstjóri VHE verktaka, Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Björn Guðbrandsson arkitekt hjá ARKÍS. Niðurstöður fundarins verða hluti af skýrslu verkefnisins. Fundurinn var haldinn á Hilton hótél, og var afar vel sóttur.



Næsti opni fundur Vistbyggðarráðs var morgunverðarfundur haldin þann 14. mars á Nauthól. Fundurinn bar yfirskriftina: **Umhverfissvottunarkerfi fyrir íslenskar byggingar! - Fréttir af ráðstefnu norrænu Vistbyggðarráðanna í Helsinki.**

Á fundinum kynnti starfshópur um vottunarkerfi fyrir byggingar skýslu sem unnin hefur verið að á grundvelli styrks frá Umhverfisráðuneytinu. Þrjú vottunarkerfi, BREEAM, DGNB og Milljöbyggnad voru skoðuð með tilliti til þess hversu vel þau hentuðu íslensku markaðsumhverfi fyrir vottaðar byggingar. Skýrslan er ætluð sem grundvöllur umræðu og ákvarðanatöku í tengslum við hugsanlega innleiðingu eða notkun alþjóðlegra vottunarkerfa hér á landi.

Þá stóð Vistbyggðarráð, ásamt systursamtökum á Norðurlöndum, fyrir ráðstefnu í Helsinki dagana 31.jan – 1. feb síðastliðinn og fór framkvæmdastýra yfir það helsta sem fram kom á ráðstefnunni. En á ráðstefnunni voru

samankomnir 300 sérfræðingar ásamt ýmsum aðilum sem starfa í tengslum við byggingariðnaðinn á Norðurlöndunum.

Einnig sagði Þórunn Steinsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Nauthóls frá ferlinu sem þau gengu í gegnum vegna nýlegrar umhverfsvottunar veitingastaðarins, en Nauthóll er fyrsta veitingahúsið sem fær svansvottun hér á landi. Fundur var vel sóttur, og umræður voru góðar. Skýrslan verður gefin út á rafrænu formi og birt á vef Vistbyggðarráðs fyrir apríllok 2013.

### 3.4 Ráðstefna Vistbyggðarráðs - Efnið skapar andann, 24. maí

Þann 24. maí stóð Vistbyggðarráð fyrir hálf dags ráðstefnu um vistvæn byggingarefni sem bar yfirskriftina, **Efnið skapar andann – Vistvæn byggingarefni og áhrif þeirra á innivist og hönnun.** Á ráðstefnunni var sjónum sérstaklega beint að notkun vistvænna byggingarefna á Íslandi. Af þessu tilefni voru jafnframt framleiðendur og seljendur vistvænna byggingarefna hvattir til að kynna þær vörur sem uppfylla skilyrði um vistvæna vottun eða eru umhverfisvænni en almennt gerist. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til og kom margt áhugavert fram í framsögum sem haldnar voru. Á ráðstefnunni komu fram ólík sjónarmið og leiðir að því mikilvæga markmiði að lækka kolefnisspor byggingageirans en ekki síst því að byggja vandaðar byggingar fyrir fólk og umhverfi. Tæplega 70 manns sóttu ráðstefnuna sem stóð yfir frá kl. 9-13 og voru umræður líflega að vanda. Ráðstefnur sem þessi eru mikilvægur þáttur í starfsemi Vistbyggðarráðs, þar sem það er eitt af meginhlutverkum þess að bæði miðla upplýsingum og hvetja til umræðu um allt það sem viðkemur sjálfbærni og grænum áherslum í bæði hönnun, skipulagi og rekstri mannvirkja.



### 3.5 Önnur verkefni

Á árinu 2012 var ýmsum tilfallandi verkefnum sinnt. Vistbyggðarráði var boðið að eiga fulltrúa í samráðsnefnd í tengslum við vinnslu nýrrar Landsskipulagsstefnu og var Egill Guðmundsson fulltrúi VBR. Þá var send inn umsögn um stefnuna, en leitað var til aðila sem starfað höfðu í vinnuhóp um skipulag og stjórnar við gerð hennar. Umsögnin er aðgengilega á vefsíðunni undir umsagnir. Hér á eftir eru talin upp nokkur dæmi um verkefni sem komu inn á borð framkvæmdastýru á síðastliðnu starfsári.

Þann 17. apríl 2012 var framkvæmdastýra með kynningu þar sem farið var yfir starfsemi og hlutverk Vistbyggðarráðs á málþingi Dokkunnar um vistvænar byggingar, samgöngur og umhverfisstaðla

Í lok maí var framkvæmdastýru boðið að vera kynna starfsemina fyrir aðilum frá Kína á fundi í Stofnun Sæmundar Fróða, hjá Háskóla Íslands ásamt fleiri aðilum.

Um miðjan september tók Vistbyggðarráð á móti fulltrúm frá kínverska byggingar- og þróunarfyrirtækinu, Beijing North Star, en að auki var fulltrúum frá EFLU, Framkvæmdasýslu ríkisins og Nýsköpunarmiðstöð boðið að kynna starfsemi sína fyrir þessum aðilum.

Þann 15. september tók VBR þátt í skipulagningu kynningarfundar Nordic Built á Íslandi sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík.

### 3.6 Námskeið

Föstudaginn 27. apríl stóð Vistbyggðarráð fyrir hálf dags kynningarnámskeiði um þýska vottunarkerfið DGNB á Grand Hótel. Um er að ræða þýskt vottunarkerfi fyrir. Kerfi þetta er hannað og rekið af, German Sustainable Building Council og kom Dr.Frank Heinlein frá DGN og kynnti grunnatriði og helstu áherslur varðandi kerfið. Námskeiðið var vel sótt og sköpuðust fína umræður um þetta kerfi sem stundum hefur verið lýst sem 2. kynslóð vottunarkerfa fyrir byggingar.



## 5 INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

### 5.1 Norrænu vistbyggðarráðin

Í lok árs 2012, eða þann 11. desember hittust framkvæmdastjórar og formenn Vistbyggðarráðanna á Norðurlöndunum á svokölluðum stjórnendafundi í Osló. Framkvæmdastýra fór á fundinn fyrir hönd VBR, en þar var meðal annars rætt um áframhaldandi samstarf með tilstyrk Norræna nýsköpunarsjóðsins og auðvitað voru bornar saman bækur og rætt um fyrirbyggjandi ráðstefnu sem haldin var í Helsinki tæpum tveimur mánuðum síðar. Þá var farið yfir uppgjör vegna verkefnis sem styrkt var af



Norræna nýsköpunarsjóðnum og var aðallega ætlað að koma á norrænum tengslum og er óhætt að það hafi skilað sér í öflugum samstarfi sem hefur verið ómetanlegt á þessum þremur árum sem VBR og í raun öll Norræna vistbyggðarráðin hafa verið að byggjast upp og þróa sína starfsemi. Þessu verkefni er nú formlega lokið og voru ræddar leiðir til að halda áfram samstarfi með eða án aðkomum NICE.

### 5.2 Ráðstefnan í Helsinki dagana 31. janúar til 1. febrúar 2013

Dagana 31. janúar til 1. febrúar stóð yfir árleg ráðstefna norrænu Vistbyggðarráðanna. Að þessu sinni var hún haldin í gömlu og endurgerðu verksmiðjuhúsnæði í Helsinki. Það var afar viðeigandi því aðaláherslan var á sjálfbæra endurbyggingu og endurhönnun húsnæðis. Ráðstefnan hefur aldrei verið fjölmennari enda var vel að henni staðið að hálfu finnska Vistbyggðarráðsins (FiGBC).



Í þá tvo daga sem ráðstefnan stóð yfir voru haldnir margir áhugaverðir fyrirlestrar ásamt því að kynnt voru ýmis áhugaverð verkefni frá Norðurlöndunum þar á meðal tvö frá Íslandi. Helga Jóhanna Bjarnadóttir kynnti endurhönnun og framkvæmdir við vistvæna skrifstofugarða á Höfðabakka 9 í Reykjavík og Ragnheiður Ólafsdóttir, fór yfir sjálfbærnimælikvarða sem notaðir eru á fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir Landsvirkjunar og unnið hefur verið að í samvinnu ýmsa aðila sem starfa á alþjóðamarkaði. Þá var sérstök áhersla á vistvæna endurhönnun húsnæðis enda er ljóst að á næstu áratugum munu framkvæmdir við endurhönnun verða fyrirferðamiklar í byggingageiranum. Nokkrir fyrirlesarar kynntu hugmyndir og sýndu dæmi um það hvernig hægt væri að hafa áhrif á líðan starfsfólks og notenda hvort sem það er með nýjum tæknilausnum og

nýjungum í hönnun og/eða aðgerðum sem auka samskipti og sveigjanleika á vinnustað. En fjölmargar athuganir og rannsóknir sýna að gott innloft og góð aðstaða fyrir starfsfólk eykur framleiðni fyrirtækja og getur einnig haft áhrif á söluverðmæti eigna. Einnig var sagt frá því sem nú er að gerast varðandi samræmingu byggingastaðla á vegum Evrópusambandsins og fleira gagnlegt, en hluti fyrirlestra sem fluttir voru á ráðstefnunni eru aðgengilegir á vefsíðu ráðstefnunnar, [www.nordicgbc.org](http://www.nordicgbc.org).

### 5.3 Nordic Built

Í byrjun ágúst fór framkvæmdastýra til Kaupmannahafnar í boði Norræna Nýsköpunarsjóðsins til að undirrita sjálfbærnisáttmála Nordic Built fyrir hönd Vistbyggðarráðs. Alls skrifuðu 20 fulltrúar undir sáttmálann með viðhöfn efn síðan hefur fjöldinn allur af fyrirtækjum og stofnunum skrifað undir sáttmálann. Framkvæmdastýra VBR er jafnframt svokallaður sendiherra verkefnisins en þeir eru alls 4 á Íslandi og hafa unnið að því að fá íslensk fyrirtæki og stofnanir til þess að undirrita sáttmálann og hafa í kjölfarið nokkrir aðilar tekið þátt í samkeppni um vistvæna endurhönnun



á vegum Nordic Built. Í framhaldi af undirritun var síðan haldinn kynningarfundur á í Háskólanum í Reykjavík þann 13. september og stóð Vistbyggðarráð að þeim fundi ásamt fulltrúum frá EFLU, Batteríinu og Framkvæmdasýslunni í samvinnu við Norræna Nýsköpunarsjóðnum sem fjármagnaði fundinn.

Með undirritun sjálfbærnisáttmála Nordic Built sýndu 20 stjórnendur úr norræna byggingaiðnaðinum Nordic Built sáttmálann í Kaupmannahöfn, vilja sinn til breytinga. Með undirskriftinni skuldbinda þeir sig til þess að fylgja tíu meginreglum í starfi sínu og fyrirtækja sinna, og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þróa samkeppnishæfar lausnir í sjálfbærri mannvirkjagerð.

### 5.4 Skipulagsfræðingafélag Íslands

Í samstarfsýfirlýsing Vistbyggðarráðs og Skipulagsfræðingafélags Íslands sem gildir til loka árs 2013 kemur fram að „[s]amstarf VBR og SFFÍ mun hverfast um einstaka viðburði, virka samvinnu varðandi Skipulagsverðlaun SFFÍ, málþing um vistvænt skipulag auk þess mun hvor aðili um sig efla almenna kynningu og upplýsingagjöf til félagsmanna um starfsemi félaganna í þeim tilgangi að koma á virkri samræðu milli aðila.



Afhending Skipulagsverðlauninna 2012 fór fram fimmtudaginn 8.

nóvember á alþjóðlegum skipulagsdegi og voru um 60 manns voru viðstödd afhendinguna sem fór fram í lönó. Þetta var í fjórða sinn sem verðlaunin voru veitt. Í ár var Vistbyggðarráð samstarfsaðili Skipulagsfræðingafélags Íslands, sem stendur fyrir veitingu verðlaunanna annað hvert ár með stuðningi Skipulagsstofnunar sem styrkti verkefnið bæði fjárhaglega og eins sat fulltrúi stofnunarinnar í undirbúningshóp. Markmið skipulagsverðlaunanna hverju sinni er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og

vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulagsmála á Íslandi á hverjum tíma. Í þetta sinn var athyglinni sérstaklega beint að vistvænum áherslum.

Það voru ASK arkitektar sem fengu verðlaunin þetta árið fyrir Vísindagarða HÍ. Sérstaka viðurkenningu fengu 3 nemar í Skipulagsfræðum við HR, þau Arnþór Tryggvason, Ester Anna Ármannsdóttir og Eva Þrastardóttir fyrir verkefnið „Nýtt skipulag í Spönginni Grafarvogi, hagnýtt verkefni í bæjarkönnun“

Skipulagsverðlaunin voru gott dæmi um samstarfsverkefni sem styrkri báða aðila og gefur slíks samvinna um afmörkuð verkefni aukna vidd í starfseminu og eykur um leið kynningu og áhuga á starfsemi félagsins með jákvæðum hætti.

## 6 STYRKIR

### 6.1 Umhverfisráðuneytið

Í lok árs 2011 sótti Vistbyggðarráð um styrki til tveggja verkefna til Umhverfisráðuneytis, annars vegar til að vinna greiningu eða n.k. fýsileikakönnun fyrir umhverfsvottunarkerfi fyrir byggingar á Íslandi og hins vegar til útgáfu handbókar um vistvænt skipulag. Bæði þessi verkefni hlutu styrk vorið 2012 þótt upphæðir styrkja hafi verið nokkuð lægri en sóttá var um, en 1 milljón fékkst í verkefni um vottunarkerfi og 600 þúsund í útgáfu handbókar um vistvænt skipulag. Af þeim sökum voru verkefnislýsingar endurskoðaðar og umfang verkefna minnkað lítilsháttar. Nánar er fjallað um verkefni í kafla 2.6.

Það er gríðarlega mikilvægt að fá styrki til að fjármagna frekari rannsóknir á sviði sjálfbærni á Íslenskum byggingarmarkaði og þakkar Vistbyggðarráð Umhverfisráðuneytinu fyrir stuðninginn. Bæði þessi verkefni verða gerð upp vorið 2013 og verður þá strax hugað að næstu skrefum og líklega sótt um styrki til sérhæfðari verkefna í framhaldinu.

### 6.2 Umsóknir í Nordic Built

Eins og áður hefur komið fram þá hefur óformlegt samstarf norrænu Vistbyggðarráðanna verið fjármagnað með styrk frá Norræna Nýsköpunarsjóðnum. Á stjórnendafundinum sem haldinn var í Osló í desember var tekin ákvörðun um að sækja um í sjóð Nordic Built verkefnisins sem er rekið af Norræna Nýsköpunarsjóðnum. Niðurstaða var sú að forvinna alls sex verkefnatillögur sem voru unnar á milli funda og ræddar frekar á stjórnendafundi sem haldinn var í Helsinki. Hver og ein verkefnatillaga var svo lögð fyrir stjórnir í öllum löndunum og valið úr þeim umsóknum sem skyldu mynda aðalumsók til Nordic Built, vorið 2013. Afar líklegt er að styrkir fáiast í hluta en umsókninni verður skipt niður í alls 6 hluta, heildarfjárhæð 27 millj NKR (625 millj IKR). NB styrkir 50% eða 15 millj.(347 millj IKR)

- ❖ EPD Database- 10 millj NKR
- ❖ Communities- skipulag- 5 millj. NKR
- ❖ Training- námskeið- 2 millj NKR
- ❖ Common metric- almennir mælikvarðar/framsetning 3 millj NKR
- ❖ Guide to sustainable desing – 4 millj NKR
- ❖ Green Built Online (online database) 3 millj NKR

Það verður spennandi að sjá hvert þessara verkefna hlýtur styrk úr sjóð Nordic Built á árinu 2013 en framkvæmd umsóknar er í höndum framkvæmdastjóra norska og sænska Vistbyggðarráðanna.

Styrkumsóknir í íslenska sjóði munu taka mið af því hvert þessara verkefna hlýtur styrk, en um leið verður horft til þeirra verkefna sem tilgreind eru í stefnumótunarskýrslu VBR 2013-2015

## 7 AÐ LOKUM

Þegar litið er um öxl þá má glögglega sjá að á ýmsum stöðum hefur verið stigið niður fæti í starfsemi Vistbyggðarráðs á liðnu starfsári. Á dagskrá hafa verið fastir liðir eins og opnir fundir og ráðstefna að vori, auk samnorrænnar ráðstefnu í byrjun árs. Einnig hefur verið reynt að styrkja sambandið við aðila með því að halda aðilafundi þar sem aðilum hefur gefist tækifæri til að ræða innra starf og stefnumótun. Það hefur verið ánægjulegt og fróðlegt að taka þátt í viðburðum á vegum VBR og er vonandi að sem flestir hafi haft bæði gaman og gagn af. Það er mikilvægt að halda áfram að miðla á sem fjölbreyttastan hátt, bæði þekkingu og þá ekki síst reynslu af sjálfbærum verkefnum bæði héraendis og erlendis. Stjórn Vistbyggðarráðs vill þakka öllum þeim fyrirlesurum og stuðningsaðilum sem komið hafa að starfseminni á einn eða anna hátt. Þá er stjórnarmönnum og öðrum þeim sem komið hafa að beinni starfsemi félagsins þakkað sitt óeigingjarna framlag en það er nokkuð víst að árangur næst ekki nema að sem flestir þeirra sem að starfseminni koma hafi einlægán áhuga og metnað fyrir málefnum eða því sem samtökin standa fyrir. Verkfræðistofunni EFLU eru einnig færðar kærar sérstakar þakkir fyrir að hýsa starfsemi félagsins, en starfsstöð VBR hefur nú verið í tvö ár í húsakynnum fyrirtækisins. Þá er framkvæmdstýru þakkað fyrir vel unnin störf, mikinn áhuga og frumkvæði til að drífa starfsemi félagsins áfram.

Framundan eru mörg spennandi verkefni og ber þá hæst fyrirhugaðar ráðstefnu í 16. maí. Það verður jafnframt spennandi áskorun að taka virkan þátt í samnorrænu samstarfi ef til styrkveitinga kemur að hálfu Nordic Built, en það ætti líka að gera starfsemina enn meira spennandi fyrir marga þá aðila sem starfa á erlendum vettvangi. Eitt stærsta verkefnið það mest aðkallandi eins og staðan er í dag er þó að styrkja enn frekari tekjugrunn félagsins, þar að segja ef ætlunin er að auka umsvif og fara út í frekari verkefni til dæmis á sviði vottunar og/eða námskeiðahalds.

Á árinu 2013 þarf því að leggja enn ríkari áhersla á að fjölga aðilum, breikka hópinn, ná til fleiri aðila úr mismunandi geirum atvinnulífsins og eru aðilar Vistbyggðarráðs hvattir til að taka virkan þátt í þeirri útbreiðslu - hnippa í sína verkkaupa og samstarfsaðila hvar sem tækifæri gefast. Með því móti getur starf Vistbyggðarráðs getur orðið enn öflugra, boðskapurinn breiðst enn hraðar út með fleiri félögum.

Það er von okkar sem starfað hafa í stjórn síðastliðið ár að æ fleiri fyrirtæki og stofnanir sjái sé hag í að taka þátt í starfsemi samtakanna, ekki aðeins með það í huga að styrkja eigin starfsemi og auka þekkingu og reynslu starfsmanna í heimi þar sem nýjar áskoranir blasa við á sviði sjálfbærni heldur einnig með það að markmiði að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Vistbyggðarráð vill taka þátt í að leiða þá þróun sem öflugur samstarfsvettvangur á sviði vistvænnar þróunar á sviði mannvirkjagerðar á Íslandi.

---

Helga Jóhanna Bjarnadóttir  
Formaður stjórnar Vistbyggðarráðs

Reykjavík, 11. apríl 2013

**Áritun framkvæmdastýru:**

---

Sigríður Björk Jónsdóttir

**Áritun stjórnar:**

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

---

Elín Vignisdóttir

---

Páll Gunnlaugsson

---

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson

---

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

---

Björn Guðbrandsson

---

Lena Kadmark

---